

skipið hafði bakborðsbotnvörpu í sjó, er það var tekið og að fiskur var í vörpunni, er hún var dregin inn eftir að búið var að taka skip kærðs fast og verður kærður því talinn hafa veitt með botnvörpu innan landhelginnar og gerir það enga breytingu á þessu, þótt varpan hafi verið eitthvað flækt, er hún kom upp úr sjónum.

Kærður hefir því að álitu rjettarins brotið 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveidum og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til fyrir það eftir 3. gr. laganna sbr. og 1. gr. laga nr. 4/1924, hæfilega ákveðin 13 þúsund króna sekt til Landhelgisjóðs, með tilliti til þess, að gengi Íslenskrar krónu er það í dag, eftir upplýsingum frá Landsbankanum, að krónan jafngildir 81,70 aorum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — í b/v. P. G. 204 „Ernst Braun“ sje upptækt og renni andvirðið í sama sjóð. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 23. sept. 1927.

Nr. 34/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Eiríki Kjerúlf (Björn P. Kalman).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927:
Kærður Eiríkur lækrir Kjerúlf á að vera sýkn af kærðu valdstjórnarinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannaþje.

Dómur hæstarjettar.

Það er eigi nægilega sannað gegn neitun kærða, enda það atriði litið rannsakað af lögreglurjettinum, að kærði hafi gefið út lyfseðla þá um áfengi, er ræðir um í máli þessu án þess að hafa áður fullvissað

sig um þörf beiðanda á áfenginu til lækninga og verður því að þessu leyti að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Hinsvega hafa undir rekstri málsins verið lagðir fram 3 lyfseðlar þannig hljóðandi:

Spir. conc. gram 210

Ætherol. Carv. gtt. II

Aq. dest. gram 375,

er kærði, sem er læknir, er eigi hefir rjett til lyfsölu, hefir gefið út og ritað á venjuleg lyfseðlaeyðublöð sín, en ekki á þau tölusettu eyðublöð, er reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925 fyrirskipar að nota skuli undir lyfseðla um áfengi, og hefir kærði ennfremur kannast við að hafa gefið út og látið af hendi fleiri lyfseðla með sama og svipuðu innihaldi ritaða á venjuleg blöð, og að hann hafi að eins notað hin sjerstöku tölusettu eyðublöð undir lyfseðla um vín, koníak og vínanda óblandaðan eða blandaðan vatni *einu*, enda hafi hann skilið ákvæði nefndrar reglugjörðar svo að ekki sje skylt að nota hin sjerstöku tölusettu eyðublöð undir aðra lyfseðla. En þetta er eigi rjettur skilningur á ákvæðum reglugjörðarinnar. Svo sem tekið er fram í forsendum lögreglurjettardómsins verður vínandi blandaður vatni ekki talinn vera mengaður í þeirri merkingu, sem þetta orð hefir í 3. gr. reglugjörðarinnar þótt blandaður sje fáum dropum af kúmenolíu (Ætherol. carvi). Kærður hefir því gjörst brotlegur gegn 5. gr., sbr. 3. gr. í nefndri reglugjörð með því að rita lyfseðlana á önnur blöð en þau er reglugjörðin mælir fyrir að nota skuli undir lyf. Og með tilliti til þess, að kærði hefir tvisvar áður verið dæmdur í sekt fyrir brot á fyrir-mælum eldri aðflutningsbannlaga um heimild lækna til að gefa út áfengislyfseðla, þykir eigi verða kom-

aðstoðarlækni á Ísafirði fyrir brot á lögum nr. 15, 1925 um aðflutningsbann á áfengi og reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925 um sölu áfengis til lækninga til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Tildrög máls þessa eru þau, að lögregluþjónn hajarins kærði fyrir dómaranum með skjali dags. 19. ágúst f. á. að sá orðrómur leiki á að tveir læknar hjer í bænum, sem sje kærður og annar læknir, skrifi áfengissedla á ólögleg eyðublöð og seldu mönnum, en lyfjabúðin láti áfengi úti gegn sedlum þessum. Um sönnur á þessu kveðst lögregluþjónninn ekki vita, en þykir það hinsvegar grunsamlegt, að menn, er hann veit að sjeu drykkfeldir venji komur sínar í lyfjabúðina og væru að drukknari eftir lítinn tíma. Erindi þessu fylgdi skýrsla undirskrifuð sama dag af Jóni nokkrum Björnssyni málaranema hjer í bænum. Kveðst tjeður Jón hafa farið til kærðs, sama dag, og beðið hann að selja sjer lyfseðil á áfengi, er kærður og hafi selt honum gegn 5 kr. endurgjaldi. Ekkert kveðst hann hafa minst á sjúkdóm við kærðan og þeir hvorugur. Kveðst svo hafa farið á leið í lyfjabúðina með lyfseðilinn, en er hann var kominn upp á riðið við dyr lyfjabúðarinnar hafi lögregluþjónninn kallað til sín og hann þá ængið á móts við hann. Hafi lögregluþjónninn spurt hann, hvort hann hefði meðferðis lyfseðil á áfengi. Kvað hann já við því, og er hann hafi beðið hann að sýna sjer lyfseðilinn, gerði hann það og leyfði honum að halda lyfseðlinum, er hann fór fram á það.

Lyfseðill þessi er lagður fram í málinu í frumriti og eftirriti á rjskj. nr. 3 og hljóðar á spir. conc. 210 gr. ætherol. carvi gtt. II aqua dest. gram 375 að nota eitt staup eftir samtali. Á síðara stigi málsins hafa ennfremur verið lagðir fram í frumriti og eftirriti lyfseðlar frá kærða á rjskj. 9 og 10 á nákvæmlega sömu blöndu.

Að því er nú snertir það atriði í erindi ofannefnds Jóns Björnssonar að hvorugur þeirra kærðs hafi neitt á sjúkdóm minst, áður kærður fjekk honum lyfseðilinn, þá hefir kærður ákveðið neitað því sem ósönnu, og þar sem vitnið er eitt til frásagnar um það og framburður þess einnig nokkuð á reiki að þessu leyti, þykir þetta eigi sannað gegn mótmælum kærðs.

Um framangreinda lyfseðla kærðs er það að athuga að þeir eru ritaðir á venjuleg eyðublöð, en eigi á hin fyrirskipuðu eyðublöð, sbr. 5. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925.

Heldur kærður því fram að hann skrifi lyfseðla á hin tölu-settu eyðublöð, þegar hann gefi lyfseðil á ómengaðan spiritus, eða einungis vatnsblandaðan, ennfremur á kóniak eða vín, er

löggild sju til lækninga, en ávalt er hann gefi lyfseðil á spiritus blandaðan öðrum efnum, hvað lítið sem er, þá skrifi kærður það á venjuleg eyðublöð, eins og rískj. 3, enda skírskotar kærður til álits landlæknis þessu viðvikjandi.

Ad því er snertir spurninguna um það, hvort kærðum beri að skrifa greinda lyfseðla á hin fyrirskipudu eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar þá þykir verða að svara því samkvæmt fyrirmælum reglugjörðarinnar í sambandi við fyrirmæli reglugjörðar nr. 66, 1922, um sölu á iðnaðarafengi, suduvökva o. fl. þannig að orðið mengað áfengi í 3. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925, beri að skýra með hliðsjón af fyrirmælum reglugjörðar nr. 66, 1922, um mengað og hálmengað áfengi (spiritus). En samkvæmt því verður eigi álitid að spiritus verði mengaður, hálmengaður eða fullmengaður þó hann sje blandaður ætherol carvi. gtt. II. Það virðist edlilegt að skoða það frekar sem smekkbætir, en hitt að það breyti adaláhrifum áfengisins sem nautnameðals.

Áfengið (spiritus) verður þrátt fyrir svofelda blöndun að teljast ómengað og leiðir af því, að kærðum beri að gefa lyfseðla á þannig lagada áfengisblöndu á hin sjerstöku eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Eins og fyr segir ber kærður fyrir sig álit landlæknis viðvikjandi skilningi hans á 3. gr. reglugjörðarinnar. En um það er upplýst í málinu að með símskeyti 18. ágúst 1924 gerði lyfjabúðin hjér svofelda fyrirspurn til landlæknis:

„Skil reglugjörðina þannig að aðeins þurfi að skrifa á áfengiseyðublöð vina medicata og spiritus óblandaðan og vatnsblandaðan en eigi blandaðan með öðrum medicímskum efnum í hvaða hlutfalli sem er. Er það rjett?“

Með svarskeyti 19. s. m. svarar landlæknir fyrirspurninni þannig:

„Skilningur yðar er í samræmi við fyrri málsgrein þriðju greinar í reglugjörð 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga svo og fimtu grein sömu reglugjörðar“.

Í svarskeytinu skírskotar landlæknir til reglugjörðar 7. ágúst 1922, er þá gildir, en þar eð núgildandi reglugjörð er í öllu er málið skiftir samhljóða eldri reglugjörðinni virðist svar landlæknis ætti að hafa sama gildi samkvæmt núgildandi reglugjörð.

Ad visu er það einvörðungu á sviði dómstólanna að lögskýra reglugjörð nr. 59, 1925, en með tilliti til þess að landlæknir er yfirmaður kærðs og að í upphafi reglugjörðarinnar segir

að hún sje samin með hans ráði, þykir framangreindur verknaður kærðs eigi vera refsiverður.

Það ber því að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður eiga að greiðast af almannaþje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið á máli þessu.

Mánudaginn 26. sept. 1927.

Nr. 35/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Halldóri G. Stefánssyni

(Björn P. Kalman).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927:
Kærður, Halldór G. Stefánsson læknir, á að vera sýkn af kærum
valdstjórnarinnar. Málskostnaður greiðist af almannaþje.

Dómur hæstarjettar.

Kærði hefir neitað því, að hann hafi gefið út áfengislyfseðla þá, er ræðir um í máli þessu, án þess að hafa áður fullvissað sig¹ um þörf beiðanda á áfenginu til lækninga og er þetta eigi nægilega sannað gegn neitun hans, enda hefir rannsóknar-dómarinn lítið rannsakað þetta atriði. Það verður því að sýkna kærða að þessu leyti af kæru valdstjórnarinnar.

Hinsvegar er það sannað í málinu, að kærði, er hefir lækningar að atvinnu en eigi rjett til lyfsölu, hefir eftir að reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925 gekk í gildi, gefið út lyfseðla um áfengi ritaða á venjuleg lyfseðlaeyðublöð sín en ekki á þau sjerstöku tölu-settu eyðublöð, er reglugjörðin fyrirskipar að nota